

VÍSIR


Útgefandi: Blaðútgáfan VÍSIR
Ritstjóri: Gunnar G. Schram
Aðstoðarritstjóri: Axel Thorsteinson
Fréttastjórar: Þorsteinn Ó. Thorarensen
Björgvin Guðmundsson
Ritstjórnarskrifstofur Laugavegi 178
Auglýsingar og afgreiðsla Ingólfsstræti 3
Áskriftargjald er 80 kr. á mánuði
lausasölu 5 kr. eint. — Sími 11660 (5 línur)
Prentsmiðja Vísir — Edda h.f.

Menntun hjúkrunarfólks

Á miðvikudaginn voru mál Hjúkrunarskólans til umræðu á Alþingi. Heilbrigðismálaráðherra, Jóhann Hafstein, ræddi um ráð til úrbóta á hinum mikla skorti á sérhæfu hjúkrunarfólki, sem er í landinu. Heilbrigðis- yfirvöldin hafa málið með höndum og kanna hverjar leiðir eru greiðfærastar til úrbóta. Er almennt álit þeirra, að nauðsyn beri til þess að fá sérstaklega þjálf- að fólk til þess að létta einföldustu störfum af hjúkr- unarkonum. Undirbýr landlæknir nú tillögur um fram- kvæmd þess, en lagabreytingu þarf að gera, sem kveð- ur á um menntun slíks starfsfólks. Á undanförnum árum hafa aðeins útskrifast 35 stúlkur frá Hjúkrunar- skólanum á ári. Er þetta allt of fámennur hópur, á sama tíma og ný sjúkrahús bætast í hópinn. Von er til þess að skólinn fái ný húsakynni til afnota eftir 2—3 ár. Er það í viðbyggingu við skólann, en til henn- ar veitir ríkisstjórnin á þessu ári 7 millj. króna. Aug- ljóst er, að ekki einungis þarf að hraða setningu nýrra hjúkrunarlag, sem gera ráð fyrir fyrrgreindu starfs- fólki, heldur þarf einnig að hraða mjög byggingu Hjúkrunarskólans. Svo alvarlegt er ástandið orðið í þessum efnum, að enginn dráttur má á þessu verða.

Óparfi flokkurinn

Vísir hefir nefnt Framsóknarflokkinn „óparfa flokk- inn“ í íslenskum stjórnmálum. Þessi nafngift hefir festst við flokkinn vegna þess hve hún gefur ljósa mynd af stöðu hans meðal þjóðarinnar í dag. Aldrei hefir þessi staðreynd verið gleggri en það sem af er þessu ári. Í sumar, er viðtækustu vandamál þjóðfé- lagsins voru leyst með samvinnu flokka og stétta, var ekki kallað á Framsóknarflokkinn til viðtals. Það var óparfi. Nú á þessu þingi minnst enginn þess að hafa heyrt tillögur um lausn mikilvægra mála frá Fram- sóknarflokki. Það eina, sem vakið hefir athygli í málflutningi hans, er frumvarpið um að lækka opin- ber gjöld landsmanna um 20%, en auka að sama skapi útgjöld ríkisins! Frumvarp þetta var svo fáheyrt, að tveir af þingmönnum flokksins skoruðust undan að taka þátt í flutningi þess. Fylgismenn flokksins úti á landi undrast hugsjónafátækt flokksins undir leiðsögn Eysteins Jónssonar og taka eftir því, að miklum mun meira er nú unnið í hag bænda og dreifbýlisins en á vinstri stjórnar árunum, er Framsókn fór með völd. Framsóknarmenn í bæjunum búa sig hins vegar undir að ganga til liðs við Hannibal í endurskipulögðum flokki vinstri manna. Þannig eru framtíðarhorfur óparfa flokksins vægast sagt ærið dapurlegar. Hætt er við, að hann verði innan tíðar nefndur „ósýnilegi flokkurinn“.



Ásgerður Búadóttir er með sýningu í Bogasalnum. Við sjáum þrjár mynda hennar, sú í miðjunni er röggvarvefnaður og nefnist „Flagðafeldur“.

LISTIN Í



Gísli Sigurðsson sýnir í Kjallaranum, nýjum sýningarsal í Hafnar- stræti 1.

Um þessar mundir standa yfir þrjár mynd- listarsýningar í höfuð- borginni. Frú Ásgerður Búadóttir er með sýn- ingu á myndvefnaði í Bogasal Þjóðminjasafns- ins, Gísli Sigurðsson, rit- stjóri Vikunnar, hefur málverkasýningu í nýju sýningarhúsnæði í Hafn- arstræti 1 og Vilhjálmur Bergsson heldur sína þriðju sjálfstæðu mál- verkasýningu hér á landi í Listamannaskálanum.

Sýning frú Ásgerðar var opn uð í gærkveldi. Mun sýningin standa yfir til 15. nóvember. Á sýningunni eru 18 myndir, sum ar ofnar með sléttum vefnaði og aðrar með röggvarvefnaði, en það orð er nýyrði yfir svokall- aðan ryavefnað. Listakonan not- ar íslenska ull í myndirnar og beitir jöfnum höndum íslensku sauðalitunum og skærari litum. Er þetta önnur sýning listakon- unnar, fyrri sýningu sína hélt hún í heimahúsum árið 1962.

Sýning Gísla Sigurðssonar stendur yfir til sunnudags-

kvölds. Þangað hafa þegar kom ið um eitt þúsund manns og níu myndir selzt. Sýningin er haldin í nýjum sýningarsal, sem

nefndur er „Kjallarinn“, og er hann í Hafnarstræti 1, í kjall- ara Kaabershússins. Er það Sig- urður Karlsson, húsgagnaarki- tekt, sem hefur hrundið þessu af stað. Mun ýmiss konar list- iðnaður verða seldur þarna. Kjallarinn er hafður í svipuðum stíl og tíðkast víða erlendis að hafa myndlistarsali, gengið er niður nokkrar tröppur og komið í lítinn sal eða herbergi með hvítmáluðum veggjum og svört- um loftbitum. Er lýsing hin ákjósanlegasta fyrir málverk. Gísli Sigurðsson sýnir þarna 14 olíumálverk, en fyrir fjórum ár- um sýndi hann í Mökkakaffi.

Vilhjálmur Bergsson heldur sína þriðju sjálfstæðu sýningu í Listamannaskálanum. Hefur hann áður sýnt í Ásmundarsal árið 1961 og í Bogasalnum 1962 og á ýmsum sýningum bæði heima og erlendis. Í Danmörku hefur hann t. d. sýnt sem gest- ur í Den Frie, einum stærsta sýningarsal Kaupmannahafnar. Var það sýning ungra listmálara og nefndist hinu stutta og lag- góða nafni „8“.

Vilhjálmur mun halda tvær málverkasýningar erlendis næstu mánuði, aðra í Kaup- mannahöfn í janúar og hina í Vínarborg einhvern tíma með vorinu. Vilhjálmur, sem hefur lagt stund á myndlistarnám í París og Kaupmannahöfn sýnir hér nú 27 myndir, þar af eru 21 olíumynd og 6 vatnslitamynd ir. Aðsókn hefur verið góð og nokkrar myndir selzt. Sýningin verður opin til 14. nóvember.

BORGINN



Vilhjálmur Bergsson heldur þriðju sjálfstæðu málverkasýningu sína í Listamannaskálanum.